

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Breyting á deiliskipulagi Bjarkarbrautar 2 og 4, Laugarvatni.

Í breytingunni felst að lóðarmörk Bjarkarbrautar 2 og 4 færast til. Lóðarmörk breytast á þann hátt að 3 bílastæði tilheyra Bjarkarbraut 4, en tvö Bjarkarbraut 2. Þar með stækkar lóðin Bjarkarbraut 2 úr 1.391 m² í 1.473 m² en lóðin Bjarkarbraut 4 minnkar úr 1.825 m² í 1.743 m².
Samþykkt í sveitarstjórn 29. apríl 2016.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 2. maí 2016.

Skipulagsfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 20. maí 2016